

## Velta íslensks tónlistariðnaðar 6 milljarðar og framlag hans til landsframleiðslu 1%

Á stefnumótunarráðstefnu Samtóns sem haldin var í Sal FÍH mánudaginn 3. maí s.l. hélt Dr. Ágúst Einarsson prófessor við Hagfræði- og Viðskiptadeild Háskóla fyrirlestur um hagræn áhrif tónlistariðnaðarins á íslenskt hagkerfi. Niðurstaða hans er að Íslenskur tónlistariðnaður er öflug atvinnugrein og getur borið höfuðið mjög hátt.

heimasíðu FÍH.

Um 10% af einkaneyslu landsmanna er varið til menningar eða 43 milljörðum. Til tónlistar er varið um 6 milljörðum og starfa í tónlistariðnaði 1.200 manns í heilsársstörfum. **Tónlistin vegur um 1% af landsframleiðslunni.**

Mikil óbein áhrif eru vegna tónlistar í öðrum atvinnugreinum og sömuleiðis eru áhrif tónlistar vegna forvarna í vimefnum. Reykingar kosta samfélagið 16 milljarða kr. á ári. Áfengi kostar samfélagið 9 milljarða á ári. Þau ungmenni sem stunda tónlistarnám reykja og drekka mun minna en jafnaldrar þeirra. Tónlistarkennsla leiðir þannig til sparnaðar samfélagsins vegna minni kostnaðar við reykingar og áfengi upp á 1,1 milljarð kr.

Um 3.000 þúsund manns eru í kórum héraendis en tiltölulegar fátt fólk er þar í föstum stöðum. Mikil efnahagsleg umsvif eru vegna kóra, t.d. ferðalög, neysla og tónleikar.


Í máli Dr. Ágústs kom fram að tónlistarmenn væri hægt að skilgreina sem láglaunastétt og ákveðin viðhorf í þjóðfélaginu til tónlistarmanna orsökuðu það að erfitt væri að rífa laun stéttarinnar upp.

Skýrsla Dr. Ágústs um framlag tónlistarinnar til þjóðarþúsins er því mikilvægt vopn í baráttu tónlistarmanna fyrir bættum launum og starfsskilyrðum. Það er enn fremur von tónlistarmanna að skýrsla

Dr. Ágústs Einarssonar eigi eftir að opna augu ráðamanna fyrir mikilvægi og gildi tónlistarinnar og tónlistaruppeldis fyrir þjóðarbúið.

Hann benti enn fremur á bág vaxtarskilyrði tónlistarinnar þar sem enn væri ekki komið tónlistarhús og gott húsnæði fyrir starfsemi Íslensku óperunnar.

Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu 2003



Myndin sýnir hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu 2003. Heildarframlag menningar til landsframleiðslu er 4% þ.a. Er hlutur tónlistar af landsframleiðslu 1% sem er svipað og framlag landbúnaðarins og stóriðju í áli og kísiljárn.

Miðað við vöxt tónlistariðnaðarins, annarra skapandi atvinnugreina í nálægum löndum og öflugan stuðning og skilning á stöðu tónlistariðnaðarins er líklegt að um 1.500 manns muni vinna í tónlistariðnaði innan 5 ára og framlag til landsframleiðslunnar verði um 1,2%. Tónlistin hefur því mikla hagræna þýðingu.

Tónlistin skilar miklu til landsframleiðslunnar og hefur jákvæð hagræn áhrif á fjölda atvinnugreina. Auk þess veitir tónlistin mikla ánægju sem er ekki mæld í hag-tölum.

Þetta er í fyrsta sinn sem heildar - hagræn úttekt er gerð á íslenskum tónlistariðnaði og áhrifum tónlistarinnar á hagkerfið og því eru þetta merkileg tímamót í íslensku tónlistarlífi. Hér að neðan er stiklað á nokkrum atriðum úr fyrirlestri Dr. Ágústs sem er að finna í heild sinni á

LIFANDI TÓNLIST - LIFANDI FÓLK

## Nýbygging FÍH tekin í notkun 20. júní. 2004

Nú styttist óðum í að nýbygging FÍH við Rauðagerði 27 verði tekin í notkun um miðjan júní 2004. Um er að ræða rúmlega 500 m<sup>2</sup> byggingu sem skiptist í tengibyggingu við salinn, skrifstofur FÍH, tvö 40 m<sup>2</sup> æfingaherbergi og hljóðver sem samtengt verður æfingaherbergjunum og sal FÍH. Húsið var teiknað af Ólafi Axelssyni arkitekt en Ris ehf sá um framkvæmdir. Eftirlit og verkfræðileg hönnun var í höndum verkfræðistofunnar Ferils.

Nýbyggingin mun rúmlega tvöfalda þá æfingarstöðu sem félagið hefur boðið félagsmönnum upp á í samspilsherberginu og slagverkinu sem ásamt salnum er bókað til æfinga af félagsmönnum frá morgni til kvölds. Ennfremur munu möguleikar í sambandi við kennslu og æfingar opnast í gamla húsinu þegar skrifstofurnar flytja.

Nýtt hljóðver, kennsluhljóðver tónlistarskóla FÍH verður eins og áður sagði samtengt við 3 sali sem eykur notkunargildi þess hvort sem litið er á bókanir á sölum eða nýja möguleika í hljóðhönnun. Hljóðverið verður búið nýjustu Pro tools forritum sem henta til upptöku, hljóðvinnslu og hljóðblöndunar.

## Organistadeild FÍH stofnuð með inngöngu Félag organista í FÍH.

Nú um áramótin gekk organistafélagið inn í Félag íslenskra hljómlistarmanna undir nafninu Organistadeild FÍH. Um er að ræða 150 organista starfandi vítt og breytt um landið. Stjórn Félags íslenskra hljómlistarmanna og hljómlistarmenn allir bjóða organista velkomna í hópinn.

Fyrsta verkefni Organistadeildar FÍH var að glíma við athugasemd vegna gjaldskrár organista sem Samkeppnisráð sendi FÍH í byrjun ársins. Gjaldskráin er byggð á samningi Félags Organista frá 1991. Réð FÍH þekktan lögfræðing á sviði samkeppniréttar til trausts og halds sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að kæra Samkeppnisráðs standist ekki lög. Nýrra fréttu er að vænta fljótlega af gangi þeirra mála.

Á hinn bóginn hafa sóknarnefndir nú myndað Samtök sóknarnefnda og stefnir allt í það að stjórn þeirra muni semja um kaup og kjör við samninganefnd FÍH. Þar með mun verða bundinn endi á áralanga baráttu organista fyrir réttmætum heildarkjarasamningi fyrir organista. Ennfremur mun samningur sá gera að engu kæru Samkeppnisstofnunar á gjaldskrá organista.

## Fyrstir og fremstir í lifandi tónlist

Nýlega hélt Rás 2 upp á 20 ára starfsafmæli. Í því til efni biðlaði dagskrárstjóri Rásar 2 til stjórnar Félags íslenskra hljómlistarmanna um að stjórn Félagsins kæmi því til leiddar að hljómlistarmenn gæfu eftir laun sín til stöðvarinnar, þennan dag, í tilefni afmælisins. Stjórn FÍH hafnaði beiðni Jóhanns og var hljómlistarmönnum greidd laun fyrir framkomu í RUV á afmælishátíðinni sem og öðrum starfsmönnum Ríkisútvarpsins/Sjónvarp.

Sönglagakeppni Sauðárkróks var haldin föstudaginn 2. maí. Fékk skrifstofa FÍH beiðni frá hljómlistarmönnum um að kannað yrði hvort Rás 2 hygðist greiða fyrir fyrirhugaða upptöku og útsendingu frá keppninni og var haft samband við Jóhann Hauksson dagskrárstjóra Rásar 2. Jóhann brást hart við og sagði að fyrirsurnin kæmi honum algerlega í opna skjöldu. Aldrei hefði verðið greitt fyrir slíkan flutning og leyfði þröngt skorin fjárhagsáætlun útvarpsstöðvarinnar engin frávik frá þeirri reglu.

Sama dag og keppnin var haldin á Sauðárkróki sendi stjórn FÍH útvarpsstjóra bréf til þess að minna yfir-

stjórn Ríkisútvarpsins á þann samning sem er í gildi milli hljómlistarmanna og Ríkisútvarpsins um lifandi tónlistarflutning.

Stjórn FÍH harmar viðbrögð dagskrárstjóra Rásar 2 sem einkennist af skorti á virðingu fyrir réttindum hljómlistarmanna. Vissulega hefur oft verið samstarf um kynningu milli hljómlistarmanna og dagskrárgerðarmanna sem hefur komið báðum aðilum til góða. Hins vegar nær það ekki yfir útsendingar frá heilum eða hálfum sönglagakeppnum. Um slíka samvinnu skal semja um fyrirfram og skal einungis vera með samþykki beggja aðila.

Viðbrögð dagskrárstjóra Rásar 2 eru því ekki sæmandi sem forsvarsmanns útvarpsstöðvar sem vill vera fyrst og fremst í lifandi tónlist.

Bréf stjórnar FÍH til útvarpsstjóra, Útvarpsráðs og Jóhanns Haukssonar dagskrárstjóra Rásar 2 er birt í heild sinni á baksíðu fréttablaðsins og á heimasíðu FÍH [www.fih.is](http://www.fih.is).

# Frumvarp til laga um tónlistarsjóð

1. gr. Hlutverk tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum í tónlistarsjóð. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, en markaðs- og kynningardeild veitir styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarmönnum hér á landi og erlendis. Menntamálaráðherra úthlutar úr tónlistarsjóði að fengnum tillögum tónlistarráðs, sbr. 3. gr. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði.

2. gr. Menntamálaráðherra skipar tónlistarráð til þriggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrjú fulltrúar. Samtónn tilnefni einn, en tveir eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð.

3. gr. Tónlistarráð gerir tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Við mat á umsóknum er tónlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila. Ráðið veitir umsögn um erindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni. Þóknun fulltrúa í tónlistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr tónlistarsjóði.

4. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta. Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði tónlistarsjóður sem hafi það hlutverk að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Menntamálaráðuneytið hefur um langt árabíl veitt margvíslega styrki á sviði tónlistar af safnliðum í fjárlögum. Er þar um að ræða ferðastyrki til einstaklinga og hópa, styrki vegna einstakra verkefna innanlands og erlendis sem og tónlistarhátíða innan lands. Þá hefur ráðuneytið veitt starfsstyrki til hljómsveita af sérstökum fjárlagalið. Ráðuneytið hefur haft sér til ráðgjafar tónlistarnefnd sem skipuð hefur verið fulltrúum Félags íslenskra tónlistarmanna, Félags íslenskra hljómlistarmanna og ráðuneytisins. Við gerð þessa frumvarps hefur menntamálaráðuneytið haft víðtæk samráð við fulltrúa úr íslensku tónlistarlífi. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það fé sem menntamálaráðuneytið hefur haft til ráðstöfunar til þessara mála renni í tónlistarsjóð og menntamálaráðherra úthluti úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Frumvarpið kveður á um að tónlistarsjóði verði skipt í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem til einstakra tónlistarmanna, hljómsveita, kóra og tónlistarhátíða. Markaðs- og kynningardeild sjóðsins veitir styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist hér á landi og erlendis.

Eins og áður segir er lagt til í frumvarpinu að sérstakt tónlistarráð geri tillögu til menntamálaráðherra um

styrkveitingar úr tónlistarsjóði. Auk þess er gert ráð fyrir að tónlistarráð veiti umsögn um erindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni. Tónlistarráð mun þannig veita ráðuneytinu faglega aðstoð og stuðning, auk þess sem með tilkomu sjóðsins og ráðsins er kominn rammi um styrkveitingar ríkisins til þessa málaflokks.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr. Með íslensku tónlist er átt við tónlist sem samin er af íslenskum höfundum og tónlist sem flutt er af íslenskum flytjendum, jafnt atvinnu- sem áhugamönnum. Um hlutverk tónlistarsjóðs vísast að öðru leyti til almennra athugasemda. Eftir sem áður fer um veitingu starfslauna til tónlistarfólks samkvæmt ákvæðum laga um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum.

Um 2. gr. Í greininni er fjallað um tónlistarráð, bæði skipun þess og hlutverk. Menntamálaráðherra skipar ráðið til þriggja ára í senn og í því eiga sæti þrjú fulltrúar. Samtónn, sem eru samtök allra rétthafa tónlistar í landinu, tilnefna einn, en tveir verði skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn verða skipaðir með sama hætti. Þá þykir rétt að kveða á um að ekki verði heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð, nánar tiltekið í sex ár. Með því verði tryggð eðlileg endurnýjun í ráðinu.

Um 3. gr. Í greininni er kveðið á um það hlutverk tónlistarráðs að það geri tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Við það mat þykir rétt að ráðið hafi heimild til að leita umsagnar fagaðila eftir því sem þörf þykir á. Þá gerir greinin ráð fyrir því að ráðið veiti umsögn um erindi um tónlist sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni.

Um 4. gr. Greinin þarfnast ekki skýringa.

*Fylgiskjal. Fjármálaráðuneyti.fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um tónlistarsjóð.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði tónlistarsjóður og tónlistarráð sem hafi umsjón með stuðningi ríkisins við innlent tónlistarstarf, annað en það sem fer fram á vegum skóla og opinberra stofnana. Markmiðið er að styðja tónlistarsköpun og stuðla að kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar. Gert er ráð fyrir að útgjöld tónlistarsjóðs ráðist af framlögum í fjárlögum hverju sinni og kostnaður við tónlistarráð verði greiddur af fjárveitingu sjóðsins. Menntamálaráðuneytið hefur um árabíl veitt styrki til tónlistarstarfsemi af ýmsum safnliðum sem undir ráðuneytið heyra. Samtals eru um 20–30 m.kr. til ráðstöfunar til slíkra verkefna í fjárlögum fyrir árið 2004. Gert er ráð fyrir að það fé renni til hins nýja sjóðs og menntamálaráðherra veiti framvegis úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Þar sem framlög til tónlistarsjóðs ráðast af framlögum í fjárlögum hverju sinni verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs nema Alþingi ákveði annað.

## Aðalfundur FÍH 2004

Aðalfundur FÍH 2004 var haldinn mánudaginn 26. apríl s.l. Dagskrá fundarins var með hefðbundnum hætti. Fram kom að afkoma sjóða félagsins er í góðu jafnvægi og eignir þess hafa vaxið jafnt og þétt. Kosið var um formann og ritara og gáfu þeir Björn Th. Árnason og Gunnar Hrafnsson kost á sér til áframhaldandi setu. Bárust engin mótframboð og þeir því sjálfkjörnir. Nokkrar umræður urðu um Menningarsjóð félagsins sem hefur að megin hluta tekjur af flutningi á tónlist í fjölmiðlum. Fram kom að yfir 50% iðgjalda hafði

sem er langt umfram spilun á íslenski tónlist á ljósvakamiðlum.

Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri SFH og Samtóns kynnti þá vinnu sem farið fram í skráningu markaðshljóðrita vegna fyrirhugaðrar einstaklingsúthlutunar A—hluta Menningarsjóðsins. Alls er búið að skrá 33.000 hljóðrit og er næsta verkefni að tengja flytjendur við þau hljóðrit. Fundargerð aðalfundar FÍH er að finna í heild sinni á heimasíðu FÍH [www.fih.is](http://www.fih.is).

## Bréf stjórnar FÍH til RUV

### Útvarpsstjóri

#### Efni: Upptaka og útsending Rásar 2 frá dægurlagakeppni á Sauðárkróki

Bréf þetta er skrifað forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins til þess að minna á samning þann sem er á milli FÍH fyrir hönd hljómlistarmanna og RUV. Það virðist hafa farið framhjá dagskrárstjóra Rásar 2 að samningar séu í gildi og að þá beri að heiðra og kemur það stjórn FÍH verulega á óvart.

Í dag föstudag er fyrirhugað að halda dægurlagasöngkeppni á Sauðárkróki. Fékk skrifstofa FÍH fyrirspurn frá þátttakendum í keppninni hvort ekki yrði greitt samkvæmt samningi við RUV fyrir fyrirhugaða upptöku og útsendingu. Skrifstofustjóri FÍH hringdi í dagskrárstjóra Rásar 2 sem brást ókvæða við og virtist algerlega koma af fjöllum hvað varðar greiðslur fyrir tónlistarflutning í Ríkisútvarpinu. Ennfremur var honum ofarlega í huga sá greiði sem stofnunin gerði íslenskum tónlistarmönnum með því að greiða götu þeirra hérlendis og erlendis að hans mati.

Ennfremur kemur það stjórn FÍH verulega á óvart sú beiskja sem virðist ríkja hjá dagskrárstjóra Rásar 2 í garð stjórnar FÍH vegna synjunar á þeirri beiðni hans um að hljómlistarmenn gæfu eftir laun sín á 20 ára afmæli Rásar 2.

Við spyrjum. Gáfu starfsmenn Ríkisútvarpsins/sjónvarp eftir laun sín á þessum merkisdegi útvarpsstöðvarinnar? Skriflegt svar óskast sent sem fyrst.

Þvert á móti sendi FÍH afmæliskvæðjur í formi auglýsinga kr. 40.000 þar sem útvarpsstöðinni var óskað til hamingju með daginn. Ef beiskja dagskrárstjórans í garð þeirra sem fengu laun á þessum degi er eins mikil og raun ber vitni hlýtur hann að vera reiður út í ansi marga starfsmenn sína.

Stjórn Félags íslenskra hljómlistarmanna varar forsvarsmenn Ríkisútvarpsins því sterklega við því að neyða flytjendur til þess að afsala sér lögmætum rétti til launa fyrir tónlistarflutning á ofangreindri keppni.

Stjórn FÍH vill ennfremur benda á að hljómlistarmenn hafa ítrekað í árána rás tekið þátt í alls konar söfnunum í góðgerðarskyni án þess að þiggja laun fyrir. Oft hefur tónlistarflutningur tengdur slíkum söfnunum verið sendur út sem dagskrárefni í fjölmiðlum án þess að greiðsla til hljómlistarmanna kæmi á móti. Hafa hljómlistarmenn oftsinnis haft fregnir af því að tæknimenn og aðrir starfsmenn fjölmiðla hafi verið á launum við tæknivinnu og útsendingar fjölmiðla meðan að þeir hafa gefið vinnu sína líknarfélögum. Sú hugmynd hefur komið upp að laun hljómlistarmanna vegna slíkra útsendinga myndu sömuleiðis renna til líknarfélaganna.

Stjórn FÍH ítrekar vilja um gott samstarf milli hljómlistarmanna og RUV. Til þess að svo geti orðið þarf að auka hlut íslenskrar tónlistar í miðlinum bæði lifandi og útgefna. Það er hlutverk stofnunarinnar að standa vörð um íslenska menningu en það má ekki vera gert á kostnað hljómlistarmanna. Því miður er það svo að spilun á íslenski tónlist minnkaði í Ríkisútvarpinu á síðastliðnu ári og má sú þróun ekki halda áfram. Á sama tíma og útvarpsstöðin Rás 2 auglýsir sig sem “fyrstir og fremstir í lifandi tónlist” er stöðin ekki tilbúin til þess að greiða fyrir lifandi tónlistarflutning. Til þess að geta haldið uppi merkinu þarf stofnunin því að sækja fjármagnið til föðurhúsanna, ekki til hljómlistarmanna.

Að lokum óskar stjórn FÍH eftir upplýsingum um hversu margir tónleikar/upptök voru gerðar á vegum Ríkisútvarpsins Rás 1/2, hve margir hljómlistarmenn tóku þátt í þeim tónleikum/upptökum á síðastliðnu ári og hvernig launagreiðslum var háttáð til þeirra.

Með vinsemd og virðingu

Stjórn Félags íslenskra hljómlistarmanna

Vekjum athygli á eftirfarandi bókun í kjarasamningi undirrituðum af hálfu Ríkisútvarpsins og FÍH.

#### Bókun 1

“Aðilar eru sammála um að virða réttindi flytjenda í hvívetna. Þeir eru einnig sammála um að samningur sá sem undirritaður er í dag sé gerður með hagsmuni samningsaðila að leiðarljósi. Þá eru aðilar sammála um að auka samstarf tónlistarflytjenda og Ríkisútvarpsins með aukinni þáttagerð og kynningum á bestu tónlistarmönnum þjóðarinnar, með það að markmiði að skrá sögu þeirra, og undirstrika mikilvægi þeirra í íslensku menningarlífi”.